



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 415. fund velferðarráðs 17. nóvember 2021

VEL2021100007

RÁ/asa

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu

Þann 6. október 2021 lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu:

Hvað myndi það kosta fyrir Reykjavíkurborg að bjóða upp á árskort fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks líkt og á við um fyrir öryrkja og eldri borgara í Strætó bs. þar sem árskort kostar 25.000 kr? Fyrirkomulag varðandi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk er þannig að greitt er fyrir hverja ferð 245 kr. og einungis notendur í framhaldsnámi (framhaldsskólum og háskólum) geta keypt ungmenna- eða nemakort Strætó sem er áskriftarkort og gildir í eitt ár. Fyrirspurnin snýr að því hvað kostar að tryggja að notendur geti keypt árskort og hvað það myndi kosta að bjóða upp á slíkt svo að árskortíð gildi líka í ferðir með Strætó bs.? Hver væri kostnaðurinn ef einnig væri boðið upp á 6 mánaða kort með sömu valmöguleikum sem nefndir eru hér að ofan, svo að einstaklingar hafi val um það hvort þeir kaupi árskort eða heilsárskort? Af hverju er ekki í boði fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks að kaupa árskort og önnur tímabilskort fyrir þjónustuna, líkt og við á um notendur Strætó bs.?

Svar:

Notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks njóta þjónustu sem er sérhæfð að því leyti að notendur eru sóttir og keyrðir heim að dyrum, geta pantað þjónustuna þegar þeim hentar, sérútbúnir bílar eru nýttir, auk þjónustu leigubíla og fleira.

Fyrir liggur að meta áætlaðan kostnað Reykjavíkurborgar ef fötluðum einstaklingum stæði til boða að kaupa árskort á 25.000 kr. í stað þess að greiða 245 kr. fyrir einstaka ferð. Þeir einstaklingar sem greiða fyrir 103 ferðir á ári eða fleiri myndu hafa hag af því að kaupa árskort þar sem kostnaður þeirra væri kominn yfir 25.000 kr. markað. Til að meta áætlaðan kostnað við þennan valkost eru gögn frá árinu 2019 notuð sem grunnur til að skoða fjölda ferða á einstakling í ferðaþjónustu fatlaðra. Er það gert þar sem COVID-19 hafði veruleg áhrif á ferðafjölda á árunum 2020 og 2021 og því er talið að

fjöldi ferða árið 2019 gefi réttari mynd af árlegum fjölda ferða við eðlilegar aðstæður í þjóðfélaginu.

Niðurstaðan er sú að árskort hefði verið hagkvæmara fyrir 501 einstakling af þeim 874 einstaklingum sem nýttu sér ferðaþjónustu fatlaðra árið 2019. Ef allir þeir einstaklingar hefðu farið þá leið að kaupa árskort hefði kostnaður Reykjavíkurborgar verið tæplega 36 m.kr. ár ári ef ferðafjöldi hefði haldist sami og var árið 2019.

Ef gert er ráð fyrir því að einnig væri boðið upp á 6 mánaða kort og að það myndi kosta helmingi minna en árskortíð eða 12.500 kr., þá hefðu 113 einstaklingar haft hag af því að skipta yfir í það hluta af árinu eða þeir sem fara 52 ferðir eða fleiri. Til að finna út kostnaðinn við það er reiknað með að allir sem fara 52 ferðir eða fleiri en færri en 103 muni kaupa sér hálfárskort. Þetta myndi leiða af sér viðbótarkostnað um 675 þús. kr. til viðbótar við kostnaðinn við árskortin.

Þetta er þó ekki fullkomlega nákvæmt því dreifing ferða yfir árið er mismunandi. Þó má sjá að hópur sem myndi hafa hag af hálfárskortum er ekki mjög stór. Öðru gegnir um hópinn sem hefur hag af heilsárskortum.

Taflan sýnir hvernig tímabilskort myndi borga sig að kaupa miðað við fjölda ferða á ári og hve mikið hver notandi sparar við að kaupa tímabilskort í stað þess að greiða 245 kr. fyrir hverja ferð.

Fjöldi ferða á ári	Kostn. pr ferð	Kostnaður hvers notanda á ári sé greitt fyrir hverja ferð	Sparnaður fyrir notandann ef keypt er tímabilskort	
51	245	12.495		borgar sig ekki að kaupa kort
52-102		12.500		Hálfárskort 113 einstaklingar
52	245	12.740	240	borgar sig að kaupa hálfárskort
80	245	19.600	7.100	borgar sig að kaupa hálfárskort
102	245	24.990	12.490	borgar sig að kaupa hálfárskort
103 og fleiri		25.000		Árskort 501 einstaklingar
103	245	25.235	235	borgar sig að kaupa árskort
200	245	49.000	24.000	borgar sig að kaupa árskort
400	245	98.000	73.000	borgar sig að kaupa árskort
600	247	148.200	123.200	borgar sig að kaupa árskort